



STARFSKJARASTEFNA FÍ FASTEIGNAFÉLAGS SLHF.

1. gr. Forsendur

- 1.1 Starfskjarastefna þessi er gerð á grundvelli 1. mgr. 79. gr. a. laga um hlutafélög nr. 2/1995.
- 1.2 Gerður hefur verið þjónustusamningur milli FÍ fasteignafélags slhf. (hér eftir „félagið“) og FÍ fasteignafélags GP ehf. (hér eftir „ábyrgðaraðili“) þess efnis að ábyrgðaraðili sér alfarið um daglegan rekstur á félaginu og fær greidda þóknun vegna þeirra starfa í samræmi við ákvæði þjónustusamningsins. Þjónustusamningurinn var samþykktur og undirritaður af stjórn félagsins þann 19. febrúar 2013.
- 1.3 Ábyrgðaraðili, gegnir hlutverki framkvæmdastjóra félagsins, sbr. 17.2 gr. samþykka félagsins og 2. mgr. 161. gr. laga um hlutafélög nr. 2/1995, og fær ekki greitt fyrir þá þjónustu umfram þá þóknun sem kveðið er á um í fyrrgreindum þjónustusamning. Ekki er fyrirhugað að félagið ráði til sín starfsfólk.

2. gr. Óheimilar greiðslur til starfsmanna

- 2.1 Starfskjör starfsmanna skulu tilgreind í ráðningarsamningi og skulu taka mið af þeim takmörkunum sem kveðið er á um í þessari grein 2.
- 2.2 Ekki er heimilt að gera kaupréttar-, söluréttar- eða forkaupsréttarsamninga við lykilstarfsmenn eða aðra starfsmenn félagsins.
- 2.3 Ekki er heimilt að veita starfsmönnum félagsins aukagreiðslur, fríðindi eða aðra umbun.
- 2.4 Ekki er heimilt að lána starfsfólki fjármuni. Þó er heimilt við sérstakar aðstæður að greiða laun fyrirfram ef nauðsyn ber til og þá aldrei meira en sem nemur einum mánaðarlaunum.
- 2.5 Félagið gerir ekki sérstaka starfslokasamninga við lykilstarfsmenn eða aðra starfsmenn í ráðningarsamningum eða í sérstökum samningum í tengslum við starfslok.

3. gr. Laun stjórnar

Laun stjórnar skulu ákvörðuð á hluthafafundi á hverju ári, fyrir komandi ár. Stjórnarformaður skal fá tvöföld laun almennra stjórnarmanna.

4. gr. Laun fjárfestingaráðs



Laun fjárfestingaráðs skulu ákvörðuð á hluthafafundi á hverju ári, fyrir komandi ár. Formaður fjárfestingaráðs skal fá tvöföld laun almennra ráðsmanna.

5. gr. Upplýsingagjöf og ábyrgð

- 5.1 Félagsstjórn skal birta starfskjarastefnuna í tengslum við aðalfund félagsins. Á aðalfundi skal stjórnin gera grein fyrir samandregnum kjörum stjórnenda, stjórnarmanna og ráðsmanna fjárfestingaráðs. Þar skal félagsstjórn jafnframt skýra frá framkvæmd samþykkrar starfskjarastefnu.
- 5.2 Framkvæmdastjóri skal ábyrgjast að laun starfsmanna verði innan ramma starfskjarastefnu félagsins hverju sinni.

6. gr. Samþykkt starfskjarastefnu og fleira

Starfskjarastefna félagsins skal tekin til afgreiðslu á aðalfundi til samþykktar eða synjunar og skal hún tekin til endurskoðunar ár hvert.

Í stjórn FÍ fasteignafélags slhf.